

Aðgangur að Bústofni er fenginn með Íslykli eða rafrænu skilríki. Aðgangur opnast þegar kennitala og lyklnúmer hafa verið skráð. Íslykill er gefinn út af Þjóðskrá og er lykilorð tengt kennitölu einstaklings eða lögaðila. Nánari upplýsingar um Íslykil má nálgast á síðunni [www.island.is](http://www.island.is). Hafi ekki verið sótt um Íslykil er hægt gera það eftir aðgangur að skýrslu hefur verið ræstur með hnappnum sem sýndur er á forsíðu Bústofns. Íslykil er hægt að fá sendan í heimabanka og tekur það um 5-10 mínútur. Eins er hægt að fá hann sendan í bréfpósti og tekur það 4-6 virka daga.

**Þeir sem ekki hafa tök á því skila sjálfir**, stendur til boða þjónusta Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) við skil á haustskýrslu. Fyrir þá þjónustu er innheimt samkvæmt gjaldskrá RML. Hafa má samband við RML í síma 516-5000, eða með tölvupósti á netfangið [rml@rml.is](mailto:rml@rml.is).

## Eftirfarandi eru leiðbeiningar um útfyllingu þeirra þátta sem skrá skal í Haustskýrslu

### 1. Skráning á bústofn

Að skráningu lokinni skal smella á hnappinn **SKRÁ**.

Sérstök aðgerð er til þess að skila haustskýrslu þegar skráningu er lokið. Það er gert með því að smella á hnappinn „SKILA“, að lokum þarf að smella á hnappinn neðst á síðunni „**Skila haustskýrslu**“.

**Allar tölur skulu yfirfarnar á ábyrgð umráðamanna sem staðfestir með því að skila haustskýrslu að þær séu réttar.**

#### Sauðfé/geitur:

- Áður en fjöldi sauðfé/geita er skráður skal velja rétt bæjarnúmer.
- Skrá skal fjölda sauðfé/geita eftir aldri og kyni eins og hann er í nóvember. Færa þarf tölur um fjölda dýra á lífi í viðeigandi innsláttarsvið til vinstri á myndinni
- Til viðmiðunar eru sóttar upplýsingar um sauðfé skýrsluhaldskerfum sem birtast aðeins hjá þeim sem hafa gengið frá haustskilum skýrsluhaldsins árið 2019.
- Að skráningu lokinni skal smella á hnappinn „**Skrá**“.

Skrá

#### Nautgripir

- Skrá skal fjölda nautgripa eftir aldri kyni eins og hann er nóvember. Athugið að færa þarf tölur um fjölda dýra á lífi í viðeigandi innsláttarsvið til vinstri á myndinni
- Til viðmiðunar eru sóttar upplýsingar um nautgripi úr skýrsluhaldskerfum, sem miðast við nautgripi á lífi á þeim tíma sem haustskýrsla er sótt
- Að skráningu lokinni skal smella á hnappinn „**Skrá**“.

Skrá

#### Svín

- Skrá skal fjölda svína eftir aldri og kyni.
- Að skráningu lokinni skal smella á hnappinn „**Skrá**“.

Skrá

#### Alifuglar

- Skrá skal venjulegan fjölda / meðalfjölda **alifugla** sem eru samtals á búinu á árinu þ.e. þann fjölda sem hefur verið að staðaldrí í öllum húsum á viðkomandi búi, jafnvel þótt að hús sé tómt á þeim tíma sem skráning fer fram.

- Að skráningu lokinni skal smella á hnappinn „Skrá“.

Skrá

### Loðýr

- Skrá skal fjölda loðdýra sem eru samtals á búinu eins og staðan er í nóvember.

Skrá

### Hross

#### *Umráðamenn/hestaeigendur sem telja einungis fram hross á haustskýrslu en ekki annað búfé.*

- Öllum hestaeigendum/umráðmönnum ber að skila haustskýrslu, sjá hér [www.worldfengur.com](http://www.worldfengur.com). Skila skal fjölda hrossa, staðsetningu þeirra og hver er skráður umráðamaður (sjá nánari leiðbeiningar í Heimarétt WorldFengs).
- Þegar gert hefur verið grein fyrir viðkomandi hrossum í WorldFeng, er hægt að skila haustskýrslunni í gegnum WorldFeng, þá er einnig hægt að sækja upplýsingar beint í gegnum WorldFeng og skila haustskýrslunni í gegnum Bústofn. Yfirfara skal gögnin í WorldFeng áður en haustskýrslu er skilað.
- Skrá skal í sérstakan reit þann fjölda folalda sem er á lífi og óskráður við skil á skýrslunni
- **Athugið að ekki er hægt skila haustskýrslu í gegnum WorldFeng ef annað búfé er skráð á viðkomandi staðsetningu (búsnúmer) og kennitölu. Skráð var uppskera í haustskýrslu í fyrra, en ekki þó keypt eða fyrningar.** Í þessum tilfellum þarf að ganga frá gögnunum í WorldFeng (staðsetningu og umráðamann), en klára haustskýrsluskil í Bústofni [bustofn.is](http://bustofn.is)

#### *Umráðamenn/hestaeigendur sem telja fram hross á haustskýrslu en einnig annað búfé.*

- Skila haustskýrslu í gegnum Bústofn, en þurfa að skrá upplýsingar um staðsetningu, umráðamann hrossa og fjölda hrossa í WorldFeng. Upplýsingarnar eru sóttar með því að smella á hnappinn „**sækja úr upprunaættbók íslenska hestsins (WorldFeng)**“
- Ef gert var grein fyrir hrossunum í fyrra og engar breytingar hafa orðið á umráði hrossanna, skal sækja upplýsingar úr WorldFeng með hnappnum „**sækja úr upprunaættbók íslenska hestsins (WorldFeng)**“ þegar haustskýrslu er skilað í gegnum Bústofn. Yfirfara skal gögnin áður en skilað er.
- Skrá skal í sérstakan reit þann fjölda folalda sem er á lífi og óskráður við skil á skýrslunni

## 2. Skráning fóðurs

Upplýsingar um fóður er hægt að sækja beint úr Jörð og/eða skrá í viðeigandi reiti.

- Tegund  
Velja skal tegund fóðurs eftir vallista sem upp kemur ef ýtt er á örina
- Uppruni  
Velja skal uppruna (uppskera – fyrning – keypt). Svartur punktur kemur við val
- Fjöldi  
Skrá skal fjölda af rúllum eða ferböggum (ef um þurrhey eða laust fóður er að ræða er sett 1 fyrir hverja hlöðu/geymslu í þennan reit).
- Stærð;rúmmetrar  
Skráð er stærð á rúllum eða ferböggum af vallista sem kemur upp.

- Kg þe./rúmmeter  
Er valið úr valla sem kemur upp
- Fóðurgildi  
Er valið úr valla sem kemur upp

Áriðandi er að eftir skráningu á hverri fóðurtegund fyrir sig sé ýtt á „Skrá“.

Skrá

### 3. Skráning landstærða

Á haustskýrslu skal skrá landstærðir (ha) og sundurliða á eftirfarandi hátt:

- Korn, slegið í grænfóður
- Grænfóður, beitt og uppskorið
- Slegin tún (heildarstærð og endur-eða nýræktuð á síðustu 5 árum)
- Stærð beitalanda utan túna og afrétta (sundurliðað í eigin land og í eigu annarra)

Áriðandi er að eftir skráningu á hverri landstærð fyrir sig sé ýtt á „Skrá“.

Skrá

### 4. Skila

Sérstök aðgerð er til þess að skila haustskýrslu þegar skráningu er lokið. Það er gert með því að smella á hnappinn „SKILA“, að lokum þarf að smella á hnappinn neðst á síðunni „**Skila haustskýrslu**“.

Skila haustskýrslu

Hægt er að setja athugasemdir við skýrsluna, í sérstakan athugasemdarálk.

Til þess að skila skýrslu þarf að skrá netfang og staðfesta netfangið með því að ská það aftur.

#### Beiðni um leiðréttingu á haustskýrslu.

Eftir að lokað hefur verið fyrir haustskýrsluskil er hægt að senda inn beiðni um leiðréttingu á haustskýrslu. Sá möguleiki er einungis í boði fyrir þá sem hafa þegar skilað haustskýrslum. Fara skal inn á [www.bustofn.is](http://www.bustofn.is) á sama aðgangi og haustskýrslu var skilað á.

- Velja skal „beiðni um leiðréttingu“
- Í athugasemdarálk skal leiðrétta fyrri skil með skilmerkilegum hætti t.a.m. tegund búfjár og búfjölfjöldu sem um ræðir.
- Rökstuðningur fyrir leiðréttingu.